Alþingi
Erindi nr. Þ 130/810
komudagur 21.1.2004
7/8.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20 . janúar 2004

Varðar:
Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, uppsögn.

Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307.mál, uppsögn.

Starfsmannafélag Rikisendurskoðunar leggst gegn frumvarpinu og leggur til að frumvarpið verði dregið tilbaka.

Í frumvarpinu er fólgin mikil breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og eru ákvæðin eingöngu á þá leið að skerða réttindi, þetta getur Starfsmannafélagið ekki sætt sig við. Óásættanlegt er einnig að stjórnsýslulögin nr.37/1993 skuli ekki eiga að taka til ákvarðana um starfslok, og er þetta ákvæði í frumvarpinu ekki nægilega rökstutt í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Starfsmannafélagið er almennt ekki á móti breytingum á starfsmannalögum, en óskar eftir að breytingar séu þá unnar í sátt og í samráði við hlutaðeigandi ríkisstarfsmenn.

f.h. Starfsmannafélags Rikisendurskoðunar

Íris Þ. Ólafsdóttir

Íris Þ. Ólafsdóttir
formaður